



## Pingskjal nr. 23

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót gr. 5, mgr. 1 og við reglugerð um Mótahald á Íslandi, gr. 2 þátttöku- og keppendareglur.

- a. Breytingartillaga við reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót

#### Greinin er:

##### 5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

1. mgr.

Þátttökurétt á lands- og fjórðungsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.

#### Greinin verður:

##### 5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

1. mgr.

~~Þátttökurétt á lands- og fjórðungsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.~~

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

- b. Breytingartillaga við reglugerð um mótahald á Íslandi

#### Greinin er:

##### 2. Þátttöku- og keppendareglur

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið skráðir á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH öðrum en millilanda-keppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélaga og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.



Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna.

## Greinin verður:

### *2. Þátttöku- og keppendareglur*

Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið skráðir á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

Keppandi getur aðeins tekið þátt í **löglegu** íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda LH öðrum en millilanda-keppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 1. mgr.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum þátttöku- og keppendareglna er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna.

## **Greinargerð:**

Gerð er tillaga um breytingu á annars vegar reglu um þátttakendur á landsmóti og hins vegar um þátttöku- og keppnisrétt er varðar félagsaðild. Ósamræmi er á milli þessarra tveggja greina og stangast þær á að því leiti, að þátttöku- og keppendareglur segja að aðeins megi keppa fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili en í landsmótsreglugerð segir að þátttökurétt á landsmóti hafi allir sem skráðir eru í félagatal félags þann 15. apríl. Með breytingunni er verið að leitast við að koma í veg fyrir mistök við skráningu og misskilning sem ítrekað hefur komið upp.

Málgreinin í landsmótsreglugerðinni hefur einungis þann tilgang að skýra fjölda hrossa/keppenda á Landsmóti hverju sinni.

Orðið „starfsskýrsluskil“ er tekið úr reglugerðinni og eingöngu miðað við félagatal þann 15. apríl.

Orðið „löglegu“ er sett inn í þátttökureglur til að taka af allan vafa um í hvaða mótum má taka þátt óháð félagsaðild en það eru þau mót sem skráð eru ólögleg í Sportfeng. Öll mót geta verið skráð lögleg eða ólögleg hvort sem um innanhúss- eða utanhússmót er að ræða, og er sú skráning alfarið á ábyrgð mótshaldara, sem metur aðstæður móts hverju sinni.

**Keppnisnefnd LH mælir með samþykkt tillögunnar.**